Fundur stjórnar LS haldinn
16. og 17. júlí 2014

Ályktun um línuívilnun

Stjórn LS skorar á stjórnvöld að standa vörð um línuívilnun og að hún nái til allra dagróðrabáta. Alþingi samþykkti frumvarp um línuívilnun 15. desember 2003. Frumvarpið var tilkomið vegna samþykktar flokksþinga ríkisstjórnarflokkanna Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins. Hugmyndin að línuívilnun gekk fyrst og fremst út á að skapa sterkari stöðu fyrir landsbyggðina og minni sjávarbyggðir. Með henni var verið að koma til móts við hagsmuni og þarfir minni byggða þar sem beitning var snar þáttur í atvinnulífinu og þeim mjög mikilvæg.

Framangreint á ekki síður við nú en var fyrir áratug.

Auk þess hefur þróunin bætt við vaxandi kröfu velborgandi markaða eftir dagróðrafiski frá línubátum þar sem saman fer hágæða fiskur og umhverfisvænar veiðar.